

Reykjalundur endurhæfing ehf.

8. fundur stjórnar 20. apríl 2021 kl. 08.15-09.30 á Reykjalundi í fundarsalnum Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson. Gestur á fundinum undir dagskrárlið 2 er Guðbjörg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri.

Dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.

Fundargerðir 7. fundar stjórnar var lögð fram, samþykkt og undirrituð af stjórn.

2. Stefnumótun forstjóra og framkvæmdastjórnar um hallalausán rekstur – fyrsta umræða.

Pétur Magnússon kynnir að stefnt sé að hallalausum rekstri á Reykjalundi eftir eitt og hálf ár. Ljóst er að verkefnið verður krefjandi í ljósi uppsafnaðs halla fyrri ára, áætlaðrar niðurstöðu fyrsta ársfjórðungsuppgjors ársins 2021, stofnanasamninga, styttingu vinnuvikunnar ásamt fleiri áskorunum.

3. Aðalfundur Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Verður haldinn þann 26. maí 2021 kl. 14.00. Dagskrá fundarins verður hefðbundin aðalfundarstörf. Heilbrigðisráðherra mun ávarpa fundinn. Bryndís Haraldsdóttir alþingismaður og formaður Hollvínasamtaka Reykjalundar verður fundarstjóri.

4. Önnur mál

- a. Frumvarp til laga um félög til almannaheilla. Gunnar Ármannsson benti á að í frumvarpinu væri ekki verið að horfa til einkahlutafélaga og að Reykjalundur endurhæfing ehf. falli alfarið undir lög um einkahlutafélög.
- b. Anna Stefánsdóttir sagði frá því að sent hafi verið formlegt erindi til Sjúkratrygginga Íslands um að framlög til Reykjalundar endurhæfingar ehf. verði ekki skert vegna starfseminnar árið 2020 þar sem ekki náðist að uppfylla magntölur í samningnum vegna Covid-19.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 25. maí 2021.